

Föstudaginn 21. október 1983.

Nr. 116/1981. **Nonni h/f**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

**Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar h/f**

og gagnsök

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Umsýsla.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 15. maí 1981. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, til vara krefst hann sýknu að svo stöddu, en til þrautavara krefst hann, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1981. Hann krefst aðallega, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða £ 12.806.39 í íslenskum krónum eftir gengi í Reykjavík á greiðsludegi ásamt 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til greiðsludags, allt að frádregnum 5.049.82 krónum, og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst gagnáfrýjandi, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða 82.837.18 krónur með 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní sama ár, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 8. apríl 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, en með hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum á ári frá þeim degi til greiðsludags, og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með vísan til þess, sem fram er komið í málinu um fyrri viðskipti aðaláfrýjanda við hinn skoska fiskkaupanda, má fallast á, að aðaláfrýjanda hafi verið heimilt að selja honum fiskflökin gegn því, að hann samþykkti víxil fyrir kaupverðinu með gjalddaga eftir afhendingu.

Í fjarriti aðaláfrýjanda til kaupandans 10. maí 1979 segir, að kaupandinn hafi lofað gagnáfrýjanda, að greiðsla fyrir sendingar frá honum mundi ekki dragast meira en 7 daga frá uppskipun í Felistowe. Því er ekki andmælt, að vörunni hafi verið skipað upp í Felistowe eigi síðar en 9. apríl 1979. Gjalddagi víxils þess, sem aðaláfrýjandi sendi og ætlaðist til, að kaupandi samþykkti, var 17. apríl 1979. Kaupandinn óskaði eftir því við aðaláfrýjanda, að frekari greiðslufrestur yrði veittur. Ágreiningslaust er, að aðaláfrýjandi samþykkti, að kaupandinn fengi heimildarskjöl fyrir vörusendingunni afhent í Bank of Scotland gegn því að samþykkja víxil fyrir kaupverðinu með gjalddaga 30. apríl 1979. Ekki leitaði aðaláfrýjandi samþykkis gagnáfrýjanda á þessari breytingu á greiðsluskilmálum, svo sem honum bar að gera, meðal annars með hliðsjón af því greiðsluloforði kaupandans gagnvart gagnáfrýjanda, sem áður er lýst.

Aðaláfrýjandi ber því áhættuna af því, að varan fékkst ekki greidd, og er hann skaðabótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda fyrir tjóni hans af þessum sökum.

Tjón gagnáfrýjanda er fólgið í því, að hann fékk ekki greitt söluverð umræddrar vörusendingar að frádregnum umsýslulaunum og útlögðum kostnaði. Söluverðið nam £ 13.067.74. Gjalddagi víxils þess, sem aðaláfrýjandi sendi, var 17. apríl 1979. Má því ætla, að eigi síðar en næsta dag hefði greiðsla borist Útvegsbanka Íslands frá Bank of Scotland. Verður við ákvörðun tjóns gagnáfrýjanda byggt á kaupgengi sterlingspunds hér á landi þann dag, en það var gkr. 684.40. Nam söluverðið því gkr. 8.943.561.00.

Aðaláfrýjandi greiddi í þágu gagnáfrýjanda kostnað við vörusendinguna, sem nam gkr. 504.982. Þá er ágreiningslaust, að aðaláfrýjandi hafi áskilið sér 2% af heildarsöluverðinu í umsýslulaun. Nema þau samkvæmt framansögðu gkr. 178.871.22.

Samkvæmt þessu nemur tjón gagnáfrýjanda gkr. 8.259.707.78, þ. e.  $8.943.561.00 - 178.871.22 - 504.982.00$  eða 82.597.08 ný-

krónum, sem aðaláfrýjanda ber að greiða með vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 35.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Nonni h/f, greiði gagnáfrýjanda, Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar h/f, 82.597.08 krónur með 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní sama ár, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 8. apríl 1980, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní sama ár, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði 35.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 19. febrúar 1981.

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. janúar sl., hefur Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar, Óseyrarbraut 1, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 25. mars 1980, gegn Nonna h/f, Grandagarði 5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær *aðallega*, að stefnda verði gert að greiða £ 13.067.74 eða jafnvirði í íslenskum krónum á gengi á greiðsludegi með 19% ársvöxtum frá 1. apríl — 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þ. d. til 1. desember s. á., 31% ársvöxtum frá þ. d. til 8. apríl 1980, en með hæstu dómvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þ. d. til greiðsludags, og að stefnda verði

gert að greiða málskostnað að skaðlausu, en að frádregnum umboðslaunum og öðrum innlendum kostnaði stefnda.

*Til vara*, að stefnda verði gert að greiða £ 6.580.40 með vöxtum og málskostnaði eins og í aðalkröfu, en að frádregnum umboðslaunum og öðrum kostnaði stefnda.

Stefndi krefst þess aðllega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu, og til þrautavara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Jafnframt krefst stefndi í öllum tilvikum málskostnaðar, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um andvirði 360 kassa af lausfrystum þorsk- og ýsuflökum, er flutt voru út til kaupanda í Skotlandi hinn 31. mars 1979.

## II.

Stefnandi í máli þessu, Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar, verkaði fisk til útflutnings, þ. á m. lausfryst þorsk- og ýsuflök. Stefndi, Nonni h/f, annaðist fiskútflutning fyrir ýmsa fiskverkendur í umsýslusölu. Um árabíl hafði stefndi annast slíkan fiskútflutning fyrir stefnanda, þ. á m. til fyrirtækisins West Coast Trawlers LTD., Alexandria, Dumbartonshire, Skotlandi. Ekki var neinn formlegur umsýslusamningur gerður milli málsaðilja. Stefnandi fól stefnda einfaldlega fisk til útflutnings, og stefndi stóð síðan stefnanda skil á andvirði vörunnar að frádregnum farmgjöldum, váttryggingu, útflutningsgjaldi og bankakostnaði svo og 2% sölubóknun, þegar greiðsla frá hinum erlenda kaupanda hafði borist.

Fisksending sú, er mál þetta snýst um, fór með m/s Mánafossi hinn 31. mars 1979, og var kaupandinn West Coast Tawlers Ltd. Stefndi sá að venju um alla samningsgerð og útflutningspappíra. Í útflutningsleyfi, er viðskiptaráðuneytið gaf út hinn 30. mars 1979, segir um viðskiptakjör (hvernig vara er seld og hvernig greiðsla fer fram): „C. I. F. Felixstowe. Greiðsla 17 dögum eftir afskipun frá Rvík.“

Bréf stefnda til Útvegsbanka Íslands, dags. 2. apríl 1979, hljóðar svo: „Hjálagt sendum við yður eftirfarandi útflutningsskjöl yfir lausfryst fiskflök, er við sendum til West Coast Trawlers Ltd., Alexandria, Skotlandi, með m/s Mánafossi hinn 31.03.1979.

1. Vörureikning nr. 79.003, dags. 31.3.1979, að upphæð £ 13067.74.
2. Vixil að upphæð £ 13067.74 með gjalddaga 17.04.1979.
3. Frumrit farmbréfs.
4. Váttryggingarskírteini
5. Eur 1 vottorð
6. Matsvottorð

7. Útflutningsleyfi nr. 660, dags. 30.03.1979.  
 8. Ávísun nr. 8805, dags. 02.04.1979, v/útflutningsgjalds.

Skjöl þessi biðjum við yður vinsamlegast um að senda nú þegar til Bank of Scotland með ósk um, að þau verði afhent viðtakanda vörunnar gegn samþykki ofangreinds víxils. Greiðsla þessi óskast send pr. telex til yðar.“

Jafnframt þessu sendi stefndi kaupandanum telexskeyti, þar sem hann skýrir frá sendingu umrædds vörumagns, sem áætlað sé að afferma í Felixstowe miðvikudaginn 4. apríl, og tekur fram, að gjalddagi greiðslunnar sé 17. apríl.

Af telexskeytum stefnda til kaupandans hinn 17. apríl og 18. apríl má ráða, að dráttur hefur orðið á því, að kaupandinn samþykkti víxilinn og tæki við vörunni. Í fyrrnefnda skeytinu kemur fram, að vörunni hafi verið skipað upp í Felixstowe hinn 9. apríl og Útvegsbankinn hafi sent Bank of Scotland skjölin hinn 2. apríl. Í skeytinu lýsir stefndi undrun sinni yfir því, hvers vegna þeir hafi ekki enn samþykkt víxilinn eða beðið um framlengingu til þess að geta fengið farminn afhentan. Jafnframt segir stefndi, að það eina, sem hann geti gert, sé að afla heimildar viðskiptaráðuneytisins og fela Útvegsbankanum að senda Bank of Scotland skeyti um að færa gjalddagann aftur, en með vísan til fyrra samkomulags milli Mr. Uncles (framkvæmdastjóra West Coast Trawlers Ltd.) og framleiðanda vörunnar, sem gert hafi verið, þegar Mr. Uncles kom síðast til Reykjavíkur, um, að greiðsla skuli fara fram 7 dögum eftir uppskipun, kveðst stefndi ekki geta samþykkt greiðslufrest lengur en til 24. apríl.

Í síðargreinda skeytingu hinn 18. apríl segist stefndi að fengnu samþykki viðskiptaráðuneytis hafa beðið Útvegsbankann að gefa Bank of Scotland fyrirmæli um að afhenda frumskjöl gegn samþykki víxils með gjalddaga 30. apríl.

Hinn 30. apríl sendi hinn skoski kaupandi stefnda telexskeyti, þar sem m. a. segir í þýðingu löggilts skjalabýðanda:

„varðandi útistandandi víxil, sem greiðast átti í dag, 13067.74 hef ég gefið hill samuel fyrirmæli um að greiða hann ekki núna. eins og er skuldast okkur eftirfarandi upphæðir vegna viðskipta við Ísland

mál stíganda .....	1560.20
gjaldfallin lán .....	836.31
mál dalborgar .....	4183.89
	<hr/>
Samtals	6580.40

þrátt fyrir samkomulag í desember 78 höfum við enn ekki fengið eitt penny í upphæðir þessar ... ef við fáum ekki ákveðnar tillögur þ. á m. greiðslurnar frá jan. til apríl 79, um framgang mála verðum við eingöngu að bjóða

6487.34 sem endanlegt uppgjör víxilsins og hætta síðan viðskiptum við nonna h.f.“

Með telexskeyti til West Coast Trawlers Ltd. hinn 2. maí 1979 mótmælti stefndi, Nonni h/f, slíkum skuldajöfnuði, kveðst eingöngu starfa sem miðlari og ekki geta blandað saman mismunandi sendingum. Jafnframt mótmælti stefndi efnislega gagnkröfu vegna Stíganda og bar fram tillögur um annað greiðsluform á tveim síðari gagnkröfufliðum. Með telexskeyti hinn 10. maí 1979 benti stefndi, Nonni h/f, West Coast Trawlers Ltd. á, að víxillinn yrði sendur í lögfræðilega innheimtu, yrði hann ekki greiddur, og tók jafnframt fram, að mál vegna gagnkrafanna mundi taka mun lengri tíma en víxilmálið. Með telexskeyti hinn 23. maí gaf Nonni h/f West Coast Trawlers lokafrest til 25. sama mánaðar til þess að greiða víxilinn, ella yrði hann sendur í lögfræðilega innheimtu.

Lögfræðingur stefnda í Glasgow, R. H. Dicson, virðist nú hafa fengið víxilinn til innheimtu og hafið innheimtuaðgerðir í nafni Nonna h/f. Með bréfi, dags. 12. desember 1979, tilkynnir Nonni h/f Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni með vísan til fyrri samtala, að Nonni h/f framselji honum greinda kröfu með áskilnaði um, að Nonni h/f fái greiddan útlagðan kostnað og umboðslaun, þegar greiðsla berist erlendis frá, en hinn 23. nóvember 1979 hafði lögmaðurinn ritað Nonna h/f innheimtubréf fyrir hönd stefnanda, Fiskverkunar Bessa B. Gíslasonar. Jafnframt tilkynnti Nonni h/f hinum skoska lögmanni um framsalið og óskaði jafnframt eftir því, að málið yrði áfram rekið í nafni Nonna h/f. Lögmaðurinn, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, ritar Nonna h/f bréf hinn 14. desember 1979, þar sem segir m. a.:

„Þrátt fyrir framsalið eruð þér eftir sem áður ábyrgur fyrir kröfu umbj. míns að fjárhæð kr. 7.469.550.“

Jafnframt ritaði lögmaðurinn Guðjón hinn 17. desember 1979 hinum skoska lögmanni bréf, þar sem segir efnislega á þá leið, að sér hafi verið skýrt frá því, að skuldarinn hafi synjað um greiðslu vegna gagnkrafna út af göllum á öðrum vörusendingum frá Nonna h/f, sem séu umbjóðanda sínum óviðkomandi. Getur lögmaðurinn þess, að samkvæmt íslenskum lögum séu slíkar gagnkröfur ekki hæfar til að mæta víxilkröfum, og kveðst vera í þeirri trú, að svo sé einnig að skoskum lögum. Bréfi þessu svarar hinn skoski lögmaður 27. desember 1979 og segir efnislega, að víxlinum sjálfum hafi verið breytt og þar af leiðandi sé gildi hans sem sönnunargagns ekki eins mikið og ætlað hafi verið. Lögmaðurinn Guðjón ritaði nú hinn 15. janúar 1980 Nonna h/f bréf, þar sem hann kveður umbj. sinn eftir móttöku bréfs Mr. Dicksons lögmanns ekki sjá sér fært að biða eftir, að krafa sú, sem hinn skoski lögmaður hafi til innheimtu, verði greidd, og krefur því Nonna h/f um greiðslu skuldarinnar.

Eftir að mál það, sem hér er til úrlausnar, var höfðað, spurðist stefndi, Nonni h/f, með bréfi, dags. 6 júní 1980, fyrir um það hjá hinum skoska lögmanni, hvað innheimtunni liði. Í svarbréfi lögmannsins, dags. 25. júní 1980, segir á þá leið, að með því að breyta gjalddaga slíks víxils, án þess að báðir aðiljar undirriti, missi skjalið sína grundvallarþýðingu. Skjalið sé þó sönnunargagn um kröfuna. Málið sé enn til meðferðar fyrir dómi.

Með bréfi, dags. 6. nóvember 1980, skýrir lögmaðurinn Dickson Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni frá greiðsluþroti West Coast Trawlers Ltd. Bústjóri hafi verið útnefndur, sem í raun þýði, að félagið sé undir þrotameðferð. Gagnkröfur (á Nonna h/f) nemi líklega £ 8.883.87, en fyrir liggja aðeins viðurkenning Nonna h/f á gagnkröfum að fjárhæð £ 4.183.87. Loks skýrir lögmaðurinn frá því með bréfi, dags. 30. desember 1980, að endurskoðandi félagsins beiti haldsrétti í bókhaldsgögnum þess fyrir ógreiddri þóknun sinni og þar til bókhaldið fáist afhent, telur hann málið vera í sjálfheldu.

### III.

Aðalkröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að stefndi, Nonni h/f, hafi farið út fyrir umsýslumboð sitt og bakað sér ábyrgð með því að afhenda vöruna, án þess að greiðsla væri tryggð. Hinn rétti greiðslumáti í útflutningsviðskiptum sem þessum sé staðgreiðsla (cash against documents) eða bankatrygging. Stefndi hafi á hinn bóginn selt vöruna á víxli. Stefndanda hafi verið ókunnugt um þá aðferð. Meginatriði í samningi stefnanda og stefnda um útflutning vörunnar hafi verið það, að stefnandi hafi treyst stefnda til að annast útflutning vörunnar, þannig að greiðsla væri trygg. Enn fremur byggir stefnandi á því, komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, að stefnda hafi verið heimilt að selja vöruna á víxli, að síðari aðferðir stefnda baki honum einnig sjálfstæða ábyrgð. Stefndi hafi án þess að leita heimildar stefnanda samþykkt viðbótargreiðslufrest, það hafi leitt til þess, að víxlinum hafi verið breytt með þeim hætti, að víxilréttur samkvæmt honum glataðist. Þau mistök, er þá gerðust, séu alfarið á ábyrgð stefnda. Missir víxilréttarins hafi leitt til þess, að ókleift hafi reynst að innheimta skuldina í víxilmáli vafningalaust og á skömmum tíma. Á þeim tíma, sem innheimtan hafi tafist af þessum sökum, hafi skuldarinn orðið ógjaldfær. Þannig hafi breyting sú, er stefndi heimilaði á gjalddaga víxilsins beinlínis valdið því, að krafan á hendur hinum erlenda kaupanda sé nú töpuð.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi, Nonni h/f, hafi þegar fengið hluta kröfunnar greiddan með skuldajöfnuði. Hvernig svo sem á málið verði litið að öðru leyti, þá geti enginn vafi leikið á því, að stefndi cigi að standa stefnanda skil á þeim hluta kröfunnar, sem sé niður fallin

fyrir skuldajöfnuð, enda sé þar um að ræða lögmæta greiðslu hins erlenda skuldara til stefnda, sem stefnda beri að standa stefnanda skil á.

Í málsreifun sinni leggur stefndi áherslu á, að umsýslumaður sé almennt ekki ábyrgur gagnvart umsýsluveitanda fyrir samningsefndum þriðja manns. Svo framarlega sem umsýslumaður haldi sig innan ramma umsýslusamnings, verði umsýsluveitandi að sætta sig við þá löggæringa, sem umsýslumaður gerir. Stefndi telur, að bæði samkvæmt viðskiptavenju og samkvæmt samningum málsaðilja hafi sér verið heimilt að selja vöruna á víxli. Þessu til stuðnings bendir stefndi í fyrsta lagi á vottorð Verslunarráðs Íslands, dags. 9. des. 1980, sem er svar við fyrirspurn lögmanns stefnda um, hver séu venjuleg greiðslukjör við sölu freðfisks á erlendan markað, svohljóðandi:

„Eftir upplýsingum frá nokkrum útflytjendum og gjaldeyrisbönkum virðast algengustu greiðsluskilmálarnir í þessum viðskiptum vera staðgreiðsla (cash against documents). Hér er þó ekki um algilda reglu að ræða, þar sem dæmi eru bæði um stofnun bankaábyrgða og um skammtíma greiðslufrest. Greiðslukjör eru að sjálfsögðu oftast ákveðin í samræmi við það traust, sem kaupandi vörunnar nýtur hjá seljanda, og af þeim sökum er engar algildar reglur að finna, sem unnt sé að fara eftir.“

Í öðru lagi hefur stefndi lagt fram ljósrit af útflutningsleyfi, dags. 21. sept. 1978, fyrir lausfrystum ýsuflökum frá stefnanda til West Coast Trawlers Ltd., þar sem segir, að vara sé seld á „21 dags víxli frá afskipun,“ og ljósrit af útflutningsleyfi, dags. 25. október 1978, vegna sömu aðilja, þar sem segir: „Greiðslufrestur í 21 dag eftir hverja afskipun.“ Telur stefndi þessi skjöl staðfesta ásamt útflutningsleyfinu fyrir vöru þeirri, er mál þetta snýst um, að viðskiptaráðuneytið, sem eigi samkvæmt tilgangi útflutningsleyfa að sjá um, að góðar viðskiptavenjur séu haldnar og að hagsmunir fiskseljenda séu tryggðir, samþykki fyrirstöðulaust greiðslufrest og geri hvorki kröfur til staðgreiðslu né bankatryggingar. Enn fremur telur stefndi þessi skjöl sýna, að það hafi ekki verið nýmæli, heldur regla um útflutning frá stefnanda, að greiðslufrestur á víxli væri veittur. Telur stefndi, að ekki þurfi að fara í grafgötur um, að stefnanda hafi hlotið að vera kunnugt um þennan viðskiptamáta.

Í þriðja lagi fullyrðir stefndi, að beinlínis hafi verið svo um samið við Bessa B. Gíslason, að varan væri seld með greiðslufresti á víxli. Þórir Hall, skrifstofustjóri stefnda, hefur fyrir dóminum borið, að þeir hafi bæði gagnvart Bessa og öðrum framleiðendum „alltaf tekið það fram, að þessi vara, hún fari út á þeim grundvelli, að viðkomandi samþykki víxil til svo og svo langs tíma.“ Skrifstofustjórinn lýsti því einnig, að forstjóri West Coast Trawlers Ltd., Mr. Uncles, hafi komið hingað til landsins í febrúar 1979 og þá hafi hann heimsótt Bessa B. Gíslason á heimili hans við Hringbraut

og þá hafi þetta verið rætt. Bendir stefndi á því til stuðnings, að síðastgreind fullyrðing sé ekki síðari tíma tilbúningur til orðinn undir rekstri málsins, að í telexskeyti Nonna h/f til West Coast Trawlers Ltd. hinn 10. maí 1979 segir: „Þegar Mr. Uncles var hér í febrúar s. l. lofaði hann framleiðandanum sem er hinn raunverulegi eigandi hins ógreidda víxils að greiðsla fyrir sendingar frá honum mundi ekki dragast meira en 7 daga frá uppskipun í Felixstowe.“

Varðandi breytinguna á víxlinum þá leggur stefndi áherslu á, að hann hafi haft heimild viðskiptaráðuneytis til þess að samþykka lengri greiðslufrest og Útvegsbankinn hafi annast alla milligöngu um þá breytingu, þ. e. falið viðskiptabanka sínum í Skotlandi að annast hana. Stefndi hafi orðið að treysta bankanum í þessu efni og ekki getað betur gert. Bendir stefndi í þessu sambandi á telexskeyti sitt hinn 18. apríl 1979 til West Coast Trawlers Ltd., þar sem hann skýrir frá því, að hann hafi með samþykki viðskiptaráðuneytis beðið Útvegsbankann að gefa Bank of Scotland fyrirmæli um að afhenda frumskjöl *gegn samþykki víxils með gjalddaga 30. apríl*. Raunar kveðst stefndi ekki með nokkru móti skilja, á hverju fullyrðingar hins skoska lögmanns um, að víxilréttur hafi glatast, séu reistar. Af öllu þessu telur stefndi ljóst, að hann hafi ekki á nokkurn hátt farið út fyrir umboð sitt, og telur breytinguna á víxlinum alfarið á áhættu umsýsluveitandans auk þess sem hann telur ósannað, að missir víxilréttar, ef svo sé, að hann hafi tapast, hafi breytt nokkru um, að krafan fengist greidd.

Varakröfu stefnanda mótmælir stefndi með þeim rökum, að skuldajöfnuður hafi ekki komist á. Í fyrsta lagi geti kaupandinn ekki skuldajafnað, þar sem gagnkröfurnar séu að mestu á óviðkomandi aðilja, aðra íslenska fiskframleiðendur. Í öðru lagi séu þessar gagnkröfur aðeins viðurkenndar að því er varðar £ 4.189.89, en mótmælt hafi verið sem efnislega röngum gagnkröfum að fjárhæð £ 2.396.51, því fremur sé mótmælt hækkun á gagnkröfum úr £ 6.586.40 í £ 8.883.87, sbr. áður tilvitnað bréf hins skoska lögmanns frá 6. nóvember 1980.

Loks mótmælir stefndi því alfarið, að stefnandi miði kröfur sínar við sterlingspund eða jafnvirði í íslenskum krónum í gegni á greiðsludegi. Telur hann, að miða beri við verðmæti vörunnar í íslenskum krónum, er sala fór fram, svo sem stefnandi gerir í hinum upphaflegu stefnukröfum og áður í innheimtubréfum og fyrst í reikningi, dagsettum 28. mars 1979, sem innheimtubréf og stefnukröfur voru byggðar á, og hljóðar svo:

„An:	Lausfryst, 30 kíló kassinn:		
	247 kassar þorskflök 7.410 á 680 =		kr. 5.038.880
	113 kassar ýsuflök 3.390 á 725 =		kr. 2.457.750
			<hr/> kr. 7.496.550.“

Að endingu mótmælti stefndi vaxtakröfu.

## IV.

Stefndi hefur sundurliðað útlagðan kostnað og umboðslaun sem hér segir:

1. Flutningsgjald, útlagt af stefnda .....	gkr. 377.130
2. Vátryggingargjald, útlagt af stefnda .....	gkr. 43.802
3. 20% af útflutningsgjaldi, útlagt af stefnda ...	gkr. 84.050
	<hr/>
	gkr. 504.982
4. Óuppgerð 2% umboðslaun af CIF verði, £ 13.067.74, hinnar seldu vöru samkvæmt sölugengi sterlingspunds á greiðsludegi.	

## V.

*Álit réttarins*

Stefndi flutti út fiskflök fyrir stefnanda í umsýslusölu. Ekki leiðir það réttarsamband eitt sér til þess, að stefndi teljist ábyrgur fyrir greiðslu vörunnar eða samningsefndum hins erlenda kaupanda.

Stefndi seldi vöruna með þeim skilmálum, að heimildarskjöl fyrir henni skyldu afhendast hinum erlenda kaupanda gegn því, að hann samþykkti víxil með tilteknum gjalddaga fyrir andvirðinu. Var þetta í samræmi við það, sem áður hafði tíðkast við sölur á framleiðslu stefnanda til þessa erlenda kaupanda. Ekki fór þessi aðferð í bága við reglur þær, er viðskiptaráðuneytið starfaði eftir á grundvelli 8. gr. laga 30/1960 (nú 13. gr. laga 63/1979), sbr. reglugerð nr. 95/1960. Ekki verður talið, að þessi aðferð hafi eigi rúmast innan umboðs stefnda án sérstakrar heimildar frá stefnanda. Sama er að segja um þá aðgerð stefnda að heimila lengri greiðslufrest gegn samþykki nýs víxils, þegar í ljós kom, að misbrestur eða tafir höfðu orðið á því, að hinn skoski kaupandi nálgadist vöruna.

Málsaðiljar eru í sjálfu sér sammála um, að eigi hafi verið gengið svo frá umræddum víxli sem til var ætlast og að víxilréttur samkvæmt honum hafi glatast, þótt þeir hafi ekki upplýst, með hvaða hætti það varð.

Þótt út frá því megi almennt ganga, að umsýslumaður beri gagnvart umsýsluveitanda ábyrgð á mistökum aðstoðarmanna sinna, þ. á m. banka, þá verður eigi talið, að í máli þessu, eins og það nú liggur fyrir, sé nægilega fram komið, að stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna missis víxilréttarins.

Fyrir liggur, að stefndi, Nonni h/f, seldi hinum skoska kaupanda vöruna sem umsýslumaður í eigin nafni. Hinn skoski kaupandi gat því að glötuðum

víxilréttinum haft uppi til skuldajafnaðar við söluandvirði vörunnar hvers konar gagnkröfur á hendur stefnda, Nonna h/f, sem að öðru leyti fullnægðu skuldajafnaðarskilyrðum. Með skeyti, dags. 30. apríl 1979, lýsti hinn skoski kaupandi yfir skuldajöfnuði fyrir £ 6.580.40. Af þeirri gagnkröfu virðist stefndi, Nonni h/f, hafa viðurkennt £ 4.189.89. Stefnandi hefur leitt nokkrar líkur að því, að stefndi verði að þola skuldajöfnuð fyrir hærri fjárhæðinni. Stefndi, Nonni h/f, hefur ekki hnekktt þeim líkum með neinum viðhlítandi gögnum eða málsreifun. Með tilliti til þess, hvernig sönnunarskyldu í máli þessu er háttað, verður á því að byggja, að stefndi, Nonni h/f, hafi fengið greidd með skuldajöfnuði £ 6.580.40 af söluandvirði vörunnar. Á þeirri fjárhæð ber stefnda að standa stefnanda skil að frádregnum umboðslaunum og kostnaði. Með tilliti til málflutnings og kröfugerðar stefnanda verður eigi frekar hugað að því, hvort stefndi hafi í raun fengið greidd með skuldajöfnuði £ 8.883.87, þótt tiltekin visbending þar um komi fram í áður tilvitnuðu bréfi hins skoska lögmanns Dicksons frá 27. desember 1979.

Samkvæmt framansögðu fékk stefndi hinn 30. apríl 1979 greidd £ 6.580.40 af kröfunni, er honum bar þegar í stað að standa stefnanda skil á í íslenskum krónum að frádregnum umboðslaunum og kostnaði. Tildæmd fjárhæð verður því miðuð við þá fjárhæð á gengi þess dags og með vöxtum frá þeim degi.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda gkr. 3.783.753, þ. e. jafnvirði £ 6.580.40, á gengi hinn 30. apríl 1979, sem var kr. 678.70, eða kr. 4.466.117, að frádregnum kr. 682.364, þ. e. kostnaði, kr. 504.982, og umboðslaunum, þ. e. £ 13.067.74 x kr. 678.70 x 0.02 = kr. 177.382.

Sýknað er að svo stöddu af þeim hluta dómkröfu stefnanda, sem þar umfram er.

Málskostnaður ákveðst gkr. 1.000.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Jóhanni J. Ólafssyni stórkaupmanni og Hlödver Kjartanssyni fulltrúa.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Nonni h/f, greiði stefnanda, Fiskverkun Bessa B. Gíslasonar, nýkr. 37.837.53 með 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní sama ár, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember sama ár, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 8. apríl 1980, en með 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 19. febrúar 1980, en með hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags, og nýkr. 10.000.00

í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Sýknað er að svo stöddu af þeim hluta dómkrafna, sem umfram er.

Mánudaginn 24. október 1983.

**Erlingur B. Thoroddsen**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

**Ragnari Halldóri Hall borgarfégeta  
f. h. þrotabús Sælgætisgerðarinnar  
Víkings h/f.**

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gjaldþrotaskipti. Forgangsröð kröfu.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1982. Krefst hann þess, að krafa áfrýjanda um vinnulaun í hið stefnda þrotabú skuli teljast forgangskrafa, sbr. 1. tl. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23/1979, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Þá krefst hann málskostnaðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu er um það deilt, hvort krafa áfrýjanda njóti forgangsréttar samkvæmt 1. tölulíð 84. gr. skiptalaga sem laun eða annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu Sælgætisgerðarinnar Víkings h/f.

Ekki var gerður neinn ráðningarsamningur milli áfrýjanda og sælgætisgerðarinnar og ekkert samið um launakjör hans. Hann var í aðalstarfi hjá öðrum vinnuveitanda og vann starf sitt að mestu eða öllu leyti heima hjá sér og utan venjulegs vinnutíma. Þar hafði hann í sínum vörslum bókhaldsgögn félagsins. Hann réð sjálfur, hvernig hann hagaði starfi sínu. Meðal gagna máls er „afrit launa-